

Lög Blakfélagsins Fjallabyggðar

1.gr. Heiti og markmið

Félagið heitir Blakfélag Fjallabyggðar (BF) og er heimili þess og varnarþing í Fjallabyggð.

Markmið og tilgangur félagsins er að iðka blak og stuðla að eflingu blakíþróttarinnar í Fjallabyggð.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með eftirtöldum hætti:

- Að ráða þjálfara til að halda uppi reglubundnum æfingum í blaki í öllum aldursflokkum.
- Að hvetja til og taka þátt í keppni í blaki meðal félagsmanna og einnig við önnur félög.
- Vinna að öðru leyti eftir markmiðum og stefnuskrá UÍF, BLÍ, UMFÍ og ÍSÍ.

2.gr. Merki félagsins

Merki félagsins er hringur sem svipar til blakbolta. Í hringnum er blakmaður í uppstökki að smassa blakbolta. Bæði blakari og bolti eru bláir að lit. Hvoru megin við blakarann eru stafir félagsins, þ.e. B vinstra megin og F hægra megin. Undir manningnum er stofnár félagsins, 2016.

3.gr. Búningur félagsins

Búningur félagsins skal vera blár og hvítur, þar sem blái liturinn er ríkjandi og merki félagsins á vinstra brjósti.

4.gr. Aðild að heildarsamtökum

Félagið er aðili að Blaksambandi Íslands, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands með aðild sinni að Ungmenna- og íþróttasambandi Fjallabyggðar.

5.gr. Stjórn og skipulag félagsins

Um stjórn félagsins gildir eftirfarandi:

- Stjórn félagsins er skipuð fimm manns. Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og meðstjórnanda auk tveggja varamanna.
- Stjórn skal vera kosin á aðalfundi félagsins og skal vera skipuð félagsmönnum.
- Formaður er kosinn sér og skiptir stjórn með sér öðrum embættum á fyrsta fundi.
- Stjórn félagsins framfylgir stefnu aðalfundar og fer með daglegan rekstur og umsýslu félagsins.

Unglingaráð og strandblaksráð skulu kosin á aðalfundi. Stjórn félagsins setur þessum ráðum starfsreglur. Félagið skal aðskilja í reikningum sínum fjárreiður yngri iðkenda (barna- og unglingastarf) en það eru iðkendur sem eru 16 ára og yngri, strandblaks svo og eldri iðkenda (afreksstarf og almenningsíþróttir). Við færslu bókhalds ber að aðskilja rekstur yngri flokka frá rekstri eldri flokka þannig að gera megi sérstakan rekstrarreikning fyrir hvorn hóp um sig. Reiknisár félagsins er almannaksárið, þ.e. frá 1.janúar ár hvert til 31.desember sama árs.

6.gr. Félagsmenn og kjörgengi

Félagsmenn teljast þeir, 18 ára og eldri, sem greiða félagsgjöld til félagsins. *Félagsgjald er greitt einu sinni á ári og skal ákveðið á aðalfundi ár hvert. Félagsgjaldið rennur í afreksjóð BF.* Iðkendur greiða æfingagjöld. Félagar skuldbinda sig til að fara að lögum félagsins, hlíta keppnisreglum og vera félaginu til sóma hvarvetna sem þeir koma fram á vegum eða fyrir hönd félagsins. Stjórn er heimilt að víkja féлага úr félaginu hafi hann brotið gegn lögum félagsins.

7.gr. - Aðalfundir og dagskrá

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Aðalfundur félagsins skal halda eigi síðar en 31. mars ár hvert. Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Formaður setur fund.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla formanns um liðið starfsár.
4. Reikningar félagsins lagðir fram og bornir upp til samþykktar.
5. Umræður um skýrslu og afgreiðsla þeirra.
6. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.
7. Lagabreytingar.
8. Félagsgjald ákveðið.
9. Kosningar
 - a. Kosning formanns til eins árs í senn.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn eiga eftir að sitja seinna stjórnarárið en ef annar þeirra eða báðir þurfa af einhverjum ástæðum að hætta í stjórn skal einn eða tveir einstaklingar vera kosnir í þeirra stað til eins árs.
 - c. Kosning tveggja varamanna í stjórn til eins árs í senn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
 - e. Kosning þriggja manna unglingaráðs.
 - f. Kosning þriggja manna strandblaksráðs.
10. Önnur mál.
11. Fundarslit.

8.gr. Lögmæti aðalfundar

Aðalfundur er lögmætur ef boðað er til hans með minnst 10 daga fyrirvara, með auglýsingum a.m.k. á heimasíðu félagsins og í staðarfjölmiðli.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

9. gr. Félagsfundir

Meirihluti stjórnar eða fjórðungur félagsmanna getur hvenær sem er krafist félagsfundar. Félagsfundur hefur sama vald og aðalfundur að undanskyldum lagabreytingum og stjórnarkosningu.

10. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum má eingöngu breyta á lögmætum aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skal senda stjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær vera undirritaðar af flutningsmönnum. Lagabreytingar skal kynna fyrir félagsmönnum á heimasíðu félagsins. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram, ef það er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

11.gr. Þátttaka í mótum. Keppendur á mótum á vegum BLÍ, íslandsmóti, krakkablaki og strandblaki keppa undir heiti Blakfélags Fjallabyggðar (BF). Stjórn félagsins getur heimilað að keppendur á vegum Blakfélags Fjallabyggðar keppi undir öðru nafni en nafni félagsins en þó verður BF að koma fyrir í nafni liðsins.

12.gr. Slit á félagi

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til ÚÍF. Koma skal fram í fundarboði að fyrirhugað sé að slíta félaginu.

13.gr. Gildistaka

Lög þessi samþykkt á stofnfundi þann 11. maí 2016 og öðlast þegar gildi.
Lagabreytingar samþykktar á aðalfundi félagsins þann 29.mars 2017.
Lagabreytingar samþykktar á aðalfundi félagsins þann 12.mars 2018.
Lagabreytingar samþykktar á aðalfundi félagsins þann 01.júní 2021.